



Útvistunarstefna LSR

1. gr.

Almennt

Stefna þessi fjallar um útvistun verkefna og þjónustu hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR).

Hún tekur mið af leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

Við útvistun skal fylgja stefnu þessari og reglum um útvistun.

Framkvæmdastjóri LSR ber ábyrgð á að stefnu þessari sé framfylgt.

2. gr.

Skilgreiningar

Í stefnu þessari merkir:

Útvistun: Samningur milli LSR og þriðja aðila (útvistunaraðila) um að útvistunaraðili taki að sér verkefni, aðgerðir eða þjónustu, í heild sinni eða að hluta, sem almennt falla innan verkssviðs hjá LSR. Kaup á rekstrarvörum eða almennri þjónustu, s.s. þjónusta vegna reksturs fasteigna og þess háttar, sem og tilfallandi verkefni sem þriðju aðilar eru fengnir til að sinna teljast ekki vera útvistun.

Útvistunaraðili: Sá aðili sem veitir LSR þjónustu samkvæmt útvistunarsamningi.

Keðjuútvistun: Þegar útvistunaraðili útvistar verkefnum áfram, í heild eða hluta, til þriðja aðila.

Mikilvæg verkefni: Verkefni sem eru þess eðlis að veikleikar við eða mistök við rækslu þeirra gætu haft alvarlegar afleiðingar fyrir möguleika LSR til þess að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum, reglugerðum, reglum eða öðrum viðmiðum sem um starfsemi gilda og/eða hafa áhrif á möguleika LSR til að halda áfram starfsemi. Hér undir falla einnig verkefni sem hafa veruleg áhrif á áhættustýringu.

Skýjaþjónusta: Þjónusta þar sem notandi getur sjálfur sótt þjónustu án aðkomu þjónustuaðila. Skýjaþjónusta er sveigjanleg, aðgengileg, mælanleg, samnýtt og sjálfstýrð upplýsingatækniþjónusta. Notendur eru óháðir hver öðrum en samnýta tæknilega innviði sem eru á ábyrgð þjónustuaðilans.

3. gr.

Ákvörðun og áhrif útvistunar

Útvistun hjá LSR skal hagað á þann hátt að hún samræmist þeim lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og þeim viðmiðum sem um starfsemi LSR gilda. Framkvæmdastjóri eða eftir atvikum stjórn tekur ákvörðun um útvistun.

Áður en ákvörðun um útvistun er tekin skal LSR greina þarfir sjóðsins m.t.t. fyrirhugaðrar útvistunar, svo og hæfi og þekkingu útvistunaraðila. LSR skal jafnframt áður en slík ákvörðun er tekin meta hvaða áhrif útvistun hefur á starfsemi sjóðsins þ. á m. hvort að hún kunni að leiða til lakari gæða, þjónustu eða öryggis. Ákvörðun um útvistun skal byggð á faglegum forsendum og skal gætt að því að hagsmunaárekstrar séu ekki til staðar.

Gæta skal sérstakrar varkárni við útvistun mikilvægra verkefna.

4. gr.

Skýjaþjónusta

Notkun á skýjalausnum skal vera í samræmi við stefnur sjóðsins, s.s. upplýsingaöryggisstefnu, útvistunarstefnu og aðrar innri stefnur og ferla.

Útvistun þar sem verulega er stuðst við skýjainnviði telst vera skýjaþjónusta.

Sérstaklega skal hafa í huga þegar um skýjaútvistun er að ræða að skýrt sé hvar gögn eru hýst og vistuð og að útvistunaraðila sé gert að tilkynna LSR fyrir fram ef fyrirhugað er að gera breytingu á staðsetningu gagna sjóðsins. Eingöngu skal hýsa gögn sjóðsins í þeim ríkjum sem teljast örugg lönd samkvæmt Persónuvernd.

5. gr.

Takmarkanir á útvistun

Verkefnum skal ekki útvistað í eftirfarandi tilvikum;

- a. Ef það er mat LSR að útvistun geti komið í veg fyrir góða stjórnarhætti sjóðsins samkvæmt viðurkenndum leiðbeiningum og tilmælum um stjórnarhætti.
- b. Ef LSR telur líklegt að útvistun hafi í för með sér orðsporsáhættu eða samþjöppunaráhættu.
- c. Ef það er mat LSR að útvistunin feli í sér óþarfa áhættu fyrir rekstur sjóðsins.
- d. Ef LSR telur að möguleikar sjóðsins til þess að fylgjast með og stýra útvistuðum verkefnum eða þjónustu séu á einhvern hátt skertir eða torveldaðir.
- e. Ef LSR telur að möguleikar til innra eftirlits, þ. á m. með tilliti til hlutverks stjórnar og endurskoðunarnefndar, séu á einhvern hátt skertir eða torveldaðir.
- f. Ef LSR telur að möguleikar Fjármálaeftirlitsins til eftirlitsstarfa séu á einhvern hátt skertir eða torveldaðir.
- g. Ef LSR telur að samfelld og fullnægjandi þjónusta við viðskiptavinum sé skert.

Jafnframt skal ekki útvista verkefnum sem lúta að grundvallar stjórnunarþáttum í rekstri LSR. Með grundvallar stjórnunarþáttum er átt við mörkun áhættustefnu, áhættuvilja og áhættuþolmarka. Stjórnunarverkefnum, s.s. stefnumörkun og reglusetningu LSR m.t.t. áhættusniðs og áhættustýringar og eftirlitshlutverki stjórnar verður ekki útvistað.

Endanleg ábyrgð á framkvæmd allra útvistaðra verkefna og þeirri áhættu sem þeim kann að fylgja hvílir ávallt á LSR. Slíkri ábyrgð verður ekki útvistað.

6. gr.

Tilkynning um útvistun

Tilkynna skal FME fyrir fram um útvistun verkefna. Tilkynningu skulu fylgja upplýsingar um:

- a. Útvistað verkefni,
- b. Útvistunaraðila, heimilisfang og varnarþing,
- c. Hvar gögn verða vistuð,
- d. Tengiliði hjá útvistunaraðila,
- e. Að útvistunaraðili hafi verið upplýstur um að Fjármálaeftirlitin sé heimill aðgangur að gögnum sjóðsins.

7. gr.

Útvistunaraðili og eftirlit með útvistuðum verkefnum

Útvistunaraðili skal hafa viðeigandi sérþekkingu, menntun og reynslu að mati LSR til að geta sinnt hinum útvistuðu verkefnum á fullnægjandi hátt.

LSR skal hafa fullnægjandi yfirsýn og kunnáttu til þess að geta haft eftirlit með útvistuðum verkefnum og til þess að taka þau yfir eða útvista þeim annað ef nauðsyn krefur. Ábyrgðarmaður útvistaðs verkefnis skal hafa eftirlit með því að þjónusta útvistunaraðila sé í samræmi við stefnu þessa, lög og reglur og þær kröfur sem gerðar eru til útvistunaraðila í viðkomandi útvistunarsamningi. Eftirlit felst m.a. í því að:

- a. Fara með reglubundnum hætti yfir framkvæmd, öryggi og gæði útvistunar með útvistunaraðilum;
- b. Kalla með reglubundnum hætti eftir skýrslum frá útvistunaraðilum um þjónustuna og gera athugasemdir þar sem við á;
- c. Kalla með reglubundnum hætti eftir upplýsingum um skipulag og eignarhald útvistunaraðila og staðfesta það eins og unnt er með opinberum upplýsingum.

Ef þjónusta útvistunaraðila er talin ófullnægjandi að mati LSR eða ef óvissa skapast um starfsemi útvistunaraðila sem getur haft neikvæð áhrif á getu útvistunaraðila til að sinna hinu útvistaða verkefni skal LSR grípa til viðeigandi aðgerða. Aðgerðirnar geta m.a. verið þær að veita frest til úrbóta eða segja upp eða rifta viðkomandi útvistunarsamningi þegar um verulega vanefnd er að ræða og taka yfir framkvæmd útvistaðra verkefna eða flytja þau til annars þjónustuaðila. Slík uppsögn skal vera skrifleg og í samræmi við viðkomandi útvistunarsamning.

8. gr.

Keðjuútvistun

LSR samþykkir eingöngu keðjuútvistun ef keðjuútvistunaraðili uppfyllir sömu hæfni og skilyrði og kveðið er á um í stefnu þessari og undirgengst sömu kröfur og útvistunaraðili um aðgang og eftirlit. Áður en keðjuútvistun er samþykkt skal sjóðurinn meta sjálfstætt þær áhættur sem felast í keðjuútvistun, þ.á.m. hvort keðjuútvistun dragi úr möguleikum útvistunaraðila til þess að efna útvistunarsamning að fullu. Einnig skal metið hvort keðjuútvistun dragi úr möguleikum sjóðsins til að hafa eftirlit með verkefnum, öryggi eða aðgengi að gögnum.

LSR leitast við að keðjuútvista ekki hýsingu á upplýsingakerfum og gögnum lengra en til fjórða aðila.

9. gr.

Samningur um útvistun

Samningar við útvistunaraðila skulu vera skriflegir og skulu m.a. kveða á um eftirfarandi atriði;

- a. Lýsingu á hinu útvistaða verkefni og þeim kröfum sem útvistunaraðili þarf að uppfylla, m.a. kröfum til upplýsingaöryggis og meðferð upplýsingaöryggisatvika
- b. Ákvæði um heimild LSR, þ. á. m. innri og ytri endurskoðanda sjóðsins, og FME til aðgangs að starfsstöð, starfsmönnum, gögnum og upplýsingum hjá útvistunaraðila,
- c. Skyldur útvistunaraðila að upplýsa LSR um allar verulegar breytingar í rekstri sínum sem geta haft áhrif á getu hans til að sinna hinu útvistaða verkefni,
- d. Ákvæði um að LSR sé eigandi gagna og afurða sem varða útvistunarsamninginn,
- e. Ákvæði um ábyrgðaraðila útvistunarsamnings innan LSR og hjá útvistunaraðila,
- f. Ákvæði um uppsögn útvistunarsamnings, þ. á. m. fyrirvaralaus uppsögn að kröfu FME,
- g. Ákvæði um að samningurinn skuli endurskoðaður að lágmarki á tveggja ára fresti,
- h. Ákvæði um úrlausn ágreinings og varnarþing
- i. Ákvæði um trúnaðar- og þagnarskyldu,
- j. Ákvæði um keðjuútvistun.
- k. Ákvæði um útgönguáætlun (e. exit strategy)